

AF RÖDDUM KVNFRELSISBARÁTTU Á ALÞINGI

Á veggnum við hliðina á skrifborðinu mínu er hátalari, sem í má heyra allt, sem talað er á þingfundum, þ.e.a.s. úr ræðustóli. Hins vegar nýt ég þeirra þæginda umfram þá, sem í þingsalnum eru, að ég get hækkað og lækkað í ræðumönnum eftir þörfum, jafnvel slökkt algjörlega á þeim. Þar sem ég hef margt annað að gera en að hlusta á umræður, hlusta ég í rauninni ekki á nema brot af þeim, en þó nóg til þess að hafa nokkurn veginn hugmynd um það, sem þarna fer fram. Stundum í vetur, þegar lagst var til hvíldar að kvöldi, var ástandið eins og að loknum réttardegi, nema að í staðinn fyrir langdregið, tregablandið MMEEEEEE hljómaði EEEEEEESSS í huganum.

Já, það var auðvitað evrópska efnahagssvæðið, sem nánast einokaði umræðuna stóran hluta þingtímans, bæði samningurinn sjálfur og fjölmög mál tengd honum. Umræðurnar voru heitar og ágreiningur mikill og teygði sig m.a. inn í þingflokk Kvennalistans, sem ekki náði saman um óskipta afstöðu til málsins. Fjórar þingkvennanna, þær Anna, Jóna Valgerður, Kristín Ástgeirs og Kristín Einars, höfnuðu samningnum, en Ingibjörg Sólrun sat hjá við afgreiðslu málsins. Þessi staða var ítarlega rædd á landsfundi og við önnur tækifæri, og fjölmíðlar töldu sig komna í feitt, löngu leiðir á eindrægni og samstöðu í þessum undarlegu samþökum kvenna. Nú er það hins vegar alls ekki svo, að þetta hafi verið í fyrsta sinn, sem ágreiningur kemur upp í Kvennalistanum. Um það mætti nefna nokkur dæmi. Sum þeirra ágreiningsefna tókst að leysa með málamiðlun, önnur ekki, og það skilaði sér m.a. í mismunandi atkvæðagreiðslu á Alþingi. Samningurinn um evrópska efnahagssvæðið er hins vegar þeirrar tegundar, að málamiðlun er óhugsandi. Og því verður ekki í móti mælt, að þessi ágreiningur var Kvennalistanum erfiður, en einnig lærdómsríkur.

Útanríkismál voru almennt mikið til umræðu í þinginu, og á síðustu dögum þess var t.d. samþykkt aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu. Kvennalistakonur voru andvígar því og hafa lagt áherslu á það í sínum málflutningi, að öryggishagsmunir okkar séu fölnir í samvinnu við aðrar þjóðir um umhverfismál, en ekki hernaðarmál. Lítill tími gafst hins vegar til að ræða breytingar á aðstöðu Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli, en óljósar fréttir um slíkt bárust rétt fyrir þinglok.

Efnahags- og atvinnumál bar óhákvæmilega oft á góma, en reyndar fyrst og fremst að frumkvæði stjórnarandstöðunnar, sem gagnrýndi ríkisstjórnina harðlega fyrir stefnuleysi. Kristín Ástgeirs hafði m.a. frumkvæði að umræðum utan dagskrár um atvinnuleysið og aðgerðir (aðgerðaleysi) ríkisstjórnarinnar í þeim esnum, og Anna Ólafsdóttir Björnsson opnaði tvívegis umræður utan dagskrár um ástandið á Suðurnesjum, þar sem atvinnuástand hefur verið sérlega bágborið, einkum meðal kvenna. Atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar er kannski frekast að finna í áformum hennar um einkavæðingu, og þau áform birtast einna helst í því að segja upp ræstingakonum hjá ríkisstofnum og bjóða út verk þeirra. Ingibjörg Sólrun gerði þessi mál að umtalsefni utan dagskrár, enda augljóslega vegið að hag þeirra fjölmörgu kvenna, sem unnið hafa að ræstingum og hafa engin samtök né bolmagn til þess að bjóða í stór verk af þessu tagi. Viðbrögð karlveldisins rötuðu inn í leiðara Morgunblaðsins, sem furðaði sig á neikvæðni af þessu tagi. Nýjustu fréttir af þessum vettvangi eru, að nú skuli boðin út ræsting í ráðuneytunum og nýr rekstrarstjóri Landakotsspítala, sjálfur á tvöföldu stjórakaupi, hefur sagt upp fjölda ræstingakvenna þar, enda hafi spítalinn greinilega verið „ofræstur“! Konur þurfa varla frekar vitnanna við, hefðbundin kvennastörf hafa verið vegin og léttvæg fundin.

Sjúkraliðar og hjúkrunarfræðingar glímdu einnig við stjórnvöld í vetur, og Kristín Ástgeirs tók deilu sjúkraliða upp utan dagskrár á Alþingi, þegar svo virtist sem ekki ætti einu sinni að virða þá viðræðu. Ingibjörg Sólrun hafði frumkvæði að umræðum utan dagskrár um áhrif af stefnu ríkisstjórnarinnar á Háskóla Íslands, en það fer ekkert á milli mála, að verulega hefur þrengt að möguleikum kvenna til háskólanáms með nýjum reglum um námslán. Kristín Einars opnaði umræður utan dagskrár um málefni Menningarsjóðs, sem menntamálaráðherra virtist líta á sem einkamál sitt og sinna fulltrúa í stjórn sjóðsins. Jóna Valgerður ræddi utan dagskrár óeðlileg afskipti heilbrigðisráðherra af afgreiðslu tilboða vegna byggingarframkvæmda við sjúkrahúsið á Ísafirði, og var þar ekki um að ræða eina dæmið um spillingu í stjórnkerfinu, sem landsmenn hafa orðið vitni að á síðustu mánuðum. Þá opnaði Kristín Ástgeirs umræður utan dagskrár um gæslu þjóðminja, og var tilefnið fyrst og fremst bátabruninn mikli í Kópavogi.

Það var sem sagt einkum kvennapólitík og menningarpólitík, sem varð þingkonum Kvennalistans tilefni til umræðna utan dagskrár, en þau efni fengu annars lítið rúm á dagskrá nýliðins þings. Þau voru hins vegar eins og jafnan áður allsráðandi í þingmálum Kvennalistans, sem verða nú tíunduð hér í þeirri tímaröð, sem þau voru lögð fyrir Alþingi. Áður skal þess þó getið til fróðleiks, að ríkisstjórnin bar fram 154 lagafrumvörp á þessu þingi, og urðu 97 þeirra að lögum. Þingmannafrumvörp voru 62 talsins, 3 var vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að hún gerði eitthvað í málunum, en 10 urðu að lögum. Þá lagði ríkisstjórin fram 19 tillögur til þingsályktunar, og lagði þingið blessun sína yfir 17 þeirra. Þingmannatillögur fengu ekki jafn góða fyrirgreiðslu, þar

Júní - Vera 193

sem aðeins 16 af 97 tillögum þeirra voru samþykktar sem ályktanir frá Alþingi, 4 var vísað til ríkisstjórnarinnar, sem er viss viðurkenning á réttmæti efnisins, 1 var vísað frá og 1 felld í atkvæðagreiðslu. Af þessu má sjá, að frumvörp og tillögur ríkisstjórnarinnar hafa algjoran forgang í störfum Alþingis, en að sjálfsögðu hafa þingmenn möguleika til áhrifa í nefndarstörfum, og oft taka þingmál talsverðum breytingum í umfjöllun þingsins.

Ætla mætti af fréttalutningi, að stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar stæðu alltaf gráir fyrir járnum hverjir á móti öðrum, en staðreyndin er sú, að býsna mörg þingmál eru meðhöndlud og afgreidd í þó nokkru samlýndi og sátt. Af merkum lagasetningum má nefna breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, ný hjúskaparlög, lög um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda, samkeppnislög, skaðabótalög, breytingar á sveitarstjórnarlögum til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, endurskoðuð umferðarlög, lög um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál. En snúum okkur þá að þingmálum Kvennalistans og afdrifum þeirra.

Ingibjörg Sólrún var fyrsti flutningsmaður tillögu til þingsályktunar þess efnis, að aðild Íslands að EES yrði borin undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu, áður en Alþingi tæki afstöðu til frumvarpsins um samninginn. Tillagan var borin fram af þingflokkum Kvennalista, Framsóknarflokks og Alþýðubandalags og hafði viðtækan stuðning utan þings, en var felld með þriggja atkvæða mun á Alþingi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson lagði ásamt öðrum þingkonum Kvennalistans fram tillögu um sveigjanlegan vinnutíma. Í tillögunni var gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin hefði samráð við félög opinberra starfsmanna um sveigjanlegan vinnutíma hjá ríkisstofnunum, en jafnframt yrðu teknar upp viðræður við aðila vinnumarkaðarins um sveigjanlegan vinnutíma í sem flestum atvinnugreinum. Hér var vitanlega verið að hugsa um möguleika foreldra til að haga vinnutíma eftir þörfum fjölskyldunnar, en kerfið er fast fyrir, og tillagan fékkst ekki afgreidd úr nefnd.

Og enn huga Kvennalistakonur að hagsmunum fjölskyldunnar með tillögu um foreldrafræðslu, sem Guðný Guðbjörnsdóttir hafði frumkvædi að. Þar var lagt til, að tekin yrði upp foreldrafræðsla í skólum, fjölmíðlum og á heilsugæslustöðvum og með öllu móti reynt að styrkja foreldra í hlutverki sínu. Það skorti ekkert á skilning og stuðning þingmanna í fyrstu umræðu um málid, en þrátt fyrir mikinn eftirrekstur fékkst tillagan ekki afgreidd frá menntamálanefnd þingsins. Því réði eitthvað annað en áhugi á málefnum sjálfa.

Kristín Ástgeirs dóttir flutti ásamt öðrum þingkonum Kvennalistans tillögu þess efnis, að skipuð yrði nefnd sagnfræðinga, fornleifafræðinga, þjóðháttatrafraðinga, íslenskufræðinga og fólks úr ferðaþjónustu til að setja fram tillögur um það „...hvernig nýta megi sögu þjóðarinnar, sögustaði, þjóðhætti, verkmenningu og bókmennir til að efla og bæta ferðaþjónustu hér innan lands“. Tillagan var samþykkt sem ályktun frá Alþingi, og er ástæða til að fagna því, þar sem of lítið hefur verið hugað að þessum þætti í ferðaþjónustu.

Jóna Valgerður hafði frumkvædi að frumvarpi til breytinga á lögum um Lánaþjóð íslenskra námsmanna. Þar var lagt til, að ef breyting yrði á reglum um úthlutun námslána, þá gæti námsmaður valið um að fá lánað eftir þeim reglum, sem giltu, þegar hann hóf nám sitt, eða að taka lán eftir nýju reglunum. Tilgangurinn með frumvarpinu var að draga úr öryggisleysi námsmanna, sem hafa mátt sæta sífelldum breytingum á reglum um námslán. Ekki reyndist stuðningur við frumvarpið í solum Alþingis.

Ingibjörg Sólrún var fyrsti flutningsmaður tveggja frumvarpa þingflokk Kvennalistans um breytingar á meðlagsgreiðslum. Annað þeirra varðaði upphæð meðlags, sem að vísu var hækkuð nokkuð í tengslum við efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar skömmu eftir að frumvarpið kom fram. Kvennalistinn lagði til, að tryggingaráð gerði árlega tillögu um lágmarksmeðlag, byggða á könnun á kostnaði við framfærslu barns að frádregnunum bótum til einstæðra foreldra, og skyldi upphæðin aldrei nema lægri upphæð en helmingi þess kostnaðar. Í hinu frumvarpinu voru lagðar til breytingar á þrennum lögum, sem varða greiðslu aukins meðlags, og var tilgangurinn sá að auðvelda slíkar greiðslur. Hvorugt frumvarpið hlaut af greiðslu Alþingis.

Kristín Einarsdóttir var fyrsti flutningsmaður tveggja tillagna Kvennalistans varðandi umhverfismál. Önnur var um umhverfisgjald, sem hefði það að markmiði að efla umhverfisvernd og draga úr mengun. Gjaldið yrði lagt á mengandi starfsemi og lækkaði eftir því sem mengunarvarnir skiluðu árangri. Hin tillagan gerði ráð fyrir, að framvegis yrði skylt að láta meta hugsanleg áhrif nýrrar löggjafar á umhverfi þegar á undirbúningsstigi á sama hátt og ætlast er til, að fjárhagslegur kostnaður við nýja löggjöf sé metinn. Báðar þessar tillögur strönduðu í þingnefnd.

Guðrún J. Halldórsdóttir hafði frumkvædi að tillögu um aukna þjónustu við nýbúabörn. Kvennalistakonur höfðu lagt til aukið framlag til þeirra mála við afgreiðslu fjárlaga, en án árangurs. Tillagan gerði ráð fyrir móttökudeild fyrir nýbúabörn í Reykjavík og farþjónustu fyrir nýbúabörn utan Reykjavíkur. Í síðustu Veru er rætt við Guðrúnu um þessi mál, sem hún hefur kynnst vel í starfi sínu hjá Námsflokkum Reykjavíkur.

Reykjavíkur. Í síðustu Veru er rætt við Guðrúnu um þessi mál, sem hún hefur kynnst vel í starfi sínu hjá Námsflokum Reykjavíkur.

Anna Ólafsdóttir Björnsson flutti ásamt öðrum þingkonomum Kvennalistans frumvarp um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, þar sem lagt var til, að við sjúkrahús starfi sérstakir trúnaðarmenn sjúklinga. Slíkir trúnaðarmenn skulu vera talsmenn sjúklinga og aðstandenda þeirra gagnvart sjúkrahúsum og heilbrigðisyrvöldum, afla upplýsinga fyrir þá og greiða úr spurningum og efla á allan hátt samvinnu milli starfsfólks heilbrigðisstéttu, sjúklinga og aðstandenda þeirra. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Ingibjörg Sólrún var fyrsti flutningsmaður tillögu um að fela dómsmálaráðherra að breyta lögum um meðferð opinberra mála til þess að styrkja stöðu brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála. Til gangurinn var að ýta á eftir framkvæmd tillagna nefndar, sem sett var á laggirnar árið 1984 að frumkvædi Kvennalistans til að kanna meðferð nauðgunarmála og gera tillögur um úrbætur. Að tillögunni núna stóðu allar konur á Alþingi nema þingkonur Sjálfstæðisflokkssins, sem af einhverjum ástæðum kusu að vera ekki með. Að lokinni umfjöllun í þingnefnd var tillögunni vísað til ríkisstjórnarinnar.

Kristín Ástgeirs dóttir lagði fram tillögu ásamt Valgerði Sverrisdóttur, þingkonu Framsóknarflokkssins, þess efnis, að ríkisstjórnin beitti sér fyrir stofnun hönnunarmiðstöðvar, sem hefði það hlutverk að efla nýsköpun og þróun í list- og heimilisiðnaði. Ætlunin var, að það yrði gert í samráði við sveitarfélög, samtök listamanna, Heimilisiðnaðarfélag Íslands og þá aðila, sem vinna að list- og heimilisiðnaði. Tillagan var ekki afgreidd, enda kom hún seint fram eins og þær, sem hér koma á eftir.

Jóna Valgerður lagði fram tillögu ásamt Jóni Kristjánssyni, þingmanni Framsóknarflokkssins, þess efnis, að við endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga vegna niðurfellingar aðstöðugjalds yrði sérstaklega kannað, hvernig mætti lækka hlutfall fasteignaskatta í tekjum sveitarfélaga. Í greinargerð er bent á þá staðreynd, að fasteignaskattar hafa hækkað mikil hér á landi á síðustu árum og vega mun þyngra í skatttekjum sveitarfélaga en annars staðar á Norðurlöndunum.

Kvennalistakonur hafa margsinnis rætt nauðsyn þess að stytta vinnutíma fólks almennt, ekki síst til þess að fjölga samverustundum fjölskyldunnar. Með því ætti einnig að vera unnt að fjölga störfum, og sá var ekki síst tilgangur tillögu um styttingu vinnutíma, sem Kvennalistakonur lögðu fram á Alþingi. Anna var fyrsti flutningsmaður tillögunnar, sem gerði ráð fyrir, að vinnuvika í dagvinnu yrði stytt í 35 stundir í áföngum og án kjaraskerðingar. Haft yrði samráð við aðila vinnumarkaðarins og jafnframt kannað, hvort slík aðgerð gæti verið liður í kjarasamningum.

Fjórar varaþingkonur sátu þetta þing nokkrar vikur í senn, Ágústa Gísladóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir og Pórhildur Porleifsdóttir.

EKKI ER HÉR RÚM TIL AÐ TÍUNDA HÁTT Á SJÖUNDA TUG SYRIRSPURNA KVENNALISTAKVENNA TIL RÁÐHERRA, NÉ HELDUR NEFNDARALIT ÞEIRRA OG BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ ÞINGMÁL. ENN SÍÐUR ER HÆGT AÐ GERA SKIL FRAMLAGI ÞEIRRA TIL UMRÆÐNA Í ÞINGSÖLUM, SEM ÞEKJA MUNDI MARGAR SÍÐUR, ENDA ÞÓTT ÞÆR SÉU SEM BETUR FER EKKI JAFN YFIRGENGILEGA MÁGLAÐAR OG SUMIR HÁTTVIRTIR ÞINGMENN GÖMLU FLOKKANNA. EN HVORT SEM ÞÆR FLYTJA LANGAR RÆÐUR EÐA STUTTAR, UM DÆMIGERÐ DÆGURMÁL EÐA KVENNAPÓLÍTÍSKA FRAMTIÐARSÝN, ER ÓMETANLEGT AÐ VITA AF ÞEIM ÞARNA Í HÚSINU VIÐ AUSTURVÖLL, VITA MEÐ VISSU, AÐ KVENFRELSISBARÁTTAN Á SÍNA GÓÐU FULLTRÚA Á ALÞINGI ÍSLENDINGA.

Kristín Halldórsdóttir.